

E-saga

Einn daginn þegar mamma hans _____ ætlaði að baka köku, komst hún að því að öll egg voru horfin úr ísskápnum. Og þegar hún fór með _____ út í búð til að kaupa fleiri egg kom í ljós að það voru heldur engin egg eftir í búðinni. Það voru reyndar engin egg til neins staðar á öllu Íslandi og þótt víðar væri leitað. Einhver hafði stolið þeim öllum!

Enginn vissi hver þjófurinn var, en _____ grunaði að það væri vondi galdrakarlinn enn eina ferðina. En samt var hann ekki alveg viss, svo að hann sagði ekkert um þetta við neinn.

Daginn eftir var hann úti í garði að leika sér, þegar hann sá litla eðlu milli runnanna. Hún virtist vera að leita að einhverju. _____ varð mjög hissa, þegar hún sneri sér allt í einu til hans og fór að tala við hann.

”Góðan daginn,” sagði eðlan kurteislega. ”Hefur þú nokkuð séð eðlulegg hér í grenndinni?”

”Eðluegg?” spurði _____. ”Verpa eðlur eggjum? Ég hélt það væru bara fuglar sem verpa eggjum.”

”Nei, nei,” svaraði eðlan, ”það eru líka fleiri dýr, eins og til dæmis eðlur, krókódílar, slöngur og skjaldbökur sem verpa eggjum”.

”Ég hef ekki séð nein eðlulegg,” sagði _____. ”Ég held eiginlega líka að öll egg séu horfin. Þau hurfu víst í gær”.

”Þetta er alveg hræðilegt!” sagði eðlan með tárin í augunum. ”Á morgun eiga eðluungarnir mínir að koma úr eggjunum, og þá verð ég að vera hjá þeim svo að þeir sakni ekki mömmu sinnar!”

”Sástu ekkert hver tók eggin?” spurði _____.

Eðlan hugsaði sig um. ”Nei, en rétt áður en þau hurfu sá ég skrýttinn mann í svartri skikkju fljúga yfir á kústskafti. Hann hló svo illgirnislega, að ég gæti alveg eins trúað því að hann hafi stolið þeim!”

”Aha, alveg eins og ég hélt!” hrópaði _____ upp yfir sig. ”Þetta var vondi galdrakarlinn! Komdu, ég veit alveg hvar hann býr. Við skulum koma og fá hann til að skila öllum eggjunum aftur!”

_____ og eðlan lögðu strax af stað í átt til kastala galdrakarlsins. Á leiðinni töluðu þau saman, og það kom í ljós, að eðlan hét Ella og bjó einu sinni í eyðimörkinni í Egyptalandi.

Nú fór veðrið að versna. Fyrir en varði var komin mikil rigning og _____ og Ella þurftu að berjast áfram á móti vindinum. Allt í einu laust eldingu niður með miklum þrumugný. Í sömu andrá heyrðu þau skelkað hnegg og eitthvað stórt og hvítt þaut fram hjá og rakst á stórt eplatré! Hvað var nú þetta? _____ og Ella pírdú gegnum rigninguna og sáu að þetta var einhyrningur! Hann hafði orðið svo skelfdur af eldingunni að hann hafði fælst og hlaupið beint á tréð – og nú sat hornið á honum fast í trénu!

_____ og Ella náguðust og heilsuðu upp á einhyrninginn sem var svolítið skömmustulegur yfir að hafa fest sig svona klaufalega.

”Hvernig getum við hjálpað þér að losna?” spurði _____. ”Á ég kannski að reyna að toga í taglið þitt?”

”Já, prófaðu það,” sagði einhyrningurinn. ”En ég held ég sé samt of fastur.”

_____ greip taglið og togaði af öllum mætti. Fyrst virtist einhyrningurinn ætla að losna, en svo sat hann aftur fastur.

”Á ég kannski að hjálpa?” sagði Ella. ”Þó að ég sé lítil, þá gengur það kannski ef við gerum það saman!”

Ella togaði í _____ og hann togaði í einhyrninginn, og alveg rétt – nú tókst þetta hjá þeim, þegar þau hjálpuðust að!

Einhyrningurinn brosti til þeirra og var greinilega létt þegar hann losnaði. ”Þakka ykkur kærlega fyrir! Mig langar til að launa ykkur hjálpina. Nú skal ég sýna ykkur smá töfrabragð!”

Hann sló þrisvar með hægri framhófnun á jörðina. Allt í einu lá þar lítill flauelspoki!

”Þetta er töfrapoki,” sagði einhyrningurinn. ”Það er hægt að taka upp úr honum það sem maður þarf mest á að halda. Takið hann og notið hann vel.”

_____ og Ella tóku pokann, kvöddu einhyrninginn með þökkum og héldu svo för sinni áfram. Nú var þrumuveðrinu lokið og það var aftur komið sólskin.

Innan tíðar voru þau komnar að kastala galdrakarlsins, og _____ bankaði hraustlega að dyrum.

Galdrakarlinn kom til dyra og hreytti út úr sér: ”Hver eruð þið og hvað viljið þið?”

_____ var ekkert smeykur, heldur svaraði fullum hálsi: ”Við heitum _____ og Ella og við viljum að þú skilir strax öllum eggjunum sem þú stalst, eggjaþjófurinn þinn!”

Galdrakarlinn fór að skellihlæja. ”Ha, ha, nei, ég elska egg! Ég ætla að borða þau öll og skila þeim sko aldrei – nema þú leysir fyrst fyrir mig einstaklega erfiða þraut!”

”Hvaða þraut?” spurði _____. ”Þú þarft að láta mig fá 10 hluti sem byrja á E, og það strax!”

Fyrst vissi _____ ekki

alveg hvernig hann ætti að leysa þessa þraut, en svo hvíslaði Ella eðla að honum: ”Notaðu galdrapokann!” Þá tók hann viðbragð, rétti höndina niður í pokann og dró upp ...

Nú var _____ búin að leysa þrautina, og galdrakarlinn var orðinn mjög pirraður út í hann. ”Þetta var greinilega allt of auðveld þraut fyrir þig, krakki! Ég er orðinn svo svangur á að fylgjast með þessu að ég ætla bara ekkert að skila eggjunum. Ég ætla að búa til risastóra eggjaköku og borða hana í kvöldmatinn!”

”Hvað segirðu?” sagði _____ hneyksluður. ”Ætlarðu þá að svíkja lofordið sem þú gafst mér áðan?”

En áður en galdrakarlinn gat svarað heyrðust allt í einu miklir brestir. Þetta voru öll eggin sem voru að klekjast út samtímis!

_____ sá þarna alls konar dýraunga, meðal annars...

Eðluungarnir komu til Ellu eðlu, sem var yfir sig hamingjusöm að sjá litlu börnin sín.

”Hvað á þetta að þýða!” gagnaði galdrakarlinn. Lítil kjúklingur vappaði yfir til galdrakarlsins og sagði: ”Ertu mamma mín? Ég er svangur! Ég vil fá mat! Gefðu mér mat!”

”Nei! Ég er sko ekki mamma þín!” hreytti galdrakarlinn út úr sér. ”Argh, þetta þýðir ekkert lengur! Best að senda bara alla þessa unga heim!”

Og galdrakarlinn sveiflaði galdrasprotanum sínum til að senda ungana heim. Þeir hurfu einn af öðrum, og _____ vissi að þeir voru komnir heim til mömmu sinnar. Síðan lögðu þau öll af stað heim á leið. Þetta hafði svo sannarlega verið eftirminnilegur dagur!